

Miðvikudaginn 14. maí 1997.

Nr. 197/1997. **X**

(Brynjar Níelsson hdl.)

gegn

Y

Kærumál. Lögræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmannir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1997, þar sem sóknaraðili var sviptur sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lög-ræðislaga nr. 68/1984. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Í hinum kærða úrskurði er meðal annars rakinn framburður tveggja geðlækna. Verður ekki af framburðinum ráðið, að sóknaraðili sé haldin geðsjúkdómi, sem valdi því, að hún sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðis-laga.

Af upplýsingum frá læknum og öðrum gögnum málsins má telja ljóst, að sóknaraðili eigi við að etja verulegan vanda vegna of-neyslu áfengis. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn, sem sýni ótvírætt, að ofdrykkja sóknaraðila sé komin á það stig, að hún sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum, sé öðrum til byrði eða brjóti gegn skyldum eða hagsmunum, sem getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðis-laga.

Verður því ekki fallist á, að lagaskilyrði séu til þess að verða við kröfu varnaraðila um, að sóknaraðili verði svipt sjálfræði.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um þóknun skipaðra verjenda sóknaraðila skal vera óraskað. Um þóknun verjanda vegna kæru málsins fer eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Y, um, að sóknaraðili, X, verði svipt sjálfræði.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um þóknun skipaðra verjenda sóknaraðila skal vera óraskað.

Þóknun skipaðs verjenda sóknaraðila, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1997.

Með beiðni, dagsettri 13. mars sl., fór Y, f. 1960, Reykjavík, fram á það, að móðir sín, X, f. 1938, Reykjavík, yrði svipt sjálfræði. Var málið þingfest 13. mars sl. og tekið til úrskurðar 29. apríl sl. Um aðild sóknaraðila vísast til a-liðar 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Málavextir.

Í beiðni sóknaraðila kemur fram, að ástæða hennar er taumlaus og vaxandi drykkjusýki og heilaskemmdir, sem af henni hafi leitt. Meðal gagna málsins er ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 27. febrúar sl. um, að varnaraðili skuli sæta nauðungarvistun vegna ástæðna, sem greini í 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga. Í málinu eru einnig tvö vottorð Ingvars Kristjánssonar geðlæknis, dagsett 25. febrúar og 14. mars. Þar kemur fram, að varnaraðili sé haldin langvinnri áfengissýki, og bendi klínísk skoðun og taugasálfræðipróf auk þess eindregið til skertrar heilastarfsemi, sem rekja megi til ofdrykkjunnar. Megi ætla, að löng dvöl á meðferðarstofnun yrði henni til gagns. Styður læknirinn beiðni sóknaraðila um sjálfræðissviptingu. Þá eru meðal gagnanna fjórar lögregluskýrslur frá árunum 1994, 1996 og þessu ári, sem benda eindregið til ofdrykkju varnaraðila og sambýlismanns hennar.

Varnaraðili hefur komið fyrir dóminn og skýrt mál sitt. Hún kannast við að eiga við áfengisvanda að stríða, en kveðst geta náð tökum á fíkninni í frjálsri meðferð. Hún kveðst þrisvar áður hafa farið í áfengismeðferð, 1979, 1981 og 1991. Hún vilji dveljast áfram á spítalanum sjálfviljug og fara í meðferð með sambýlismanni sínum, sem hafi drukkið með sér. Hún segist ekkert samband hafa haft við sóknaraðila í um tvö ár, og telji hún, að börnum sínum gangi ekkert gott til með málsókninni, heldur sé hún gerð af annarlegum hvötum. Varnaraðili segir, að fljótlega eftir að hún var lögð inn, hafi hún gengist undir sálfræðipróf, sbr. hér á eftir. Hafi hún þá verið búin að vera við langvarandi áfengisdrykkju. Telji hún minni sitt vera betra nú en þegar hún tók prófið. Hún kveðst telja sig vera áfengissjúkling og segist

vilja hætta að drekka. Hún segist ekki vilja vera á spítalanum og helst takast á við vanda þennan heima hjá sér. Eins hafi hvarflað að sér að leita á náðir SÁÁ.

Lára Halla Maack geðlæknir, sem stundað hefur varnaraðila á geðdeild Landspítalans, hefur einnig komið fyrir dóm. Hún kveður varnaraðila vera með mjög alvarlegan heilaskaða, dægigerðan fyrir ofneyslu áfengis. Þessi skaði sé svo alvarlegur, að honum fylgi minnisskerðing og lítil dómgreind. Á hinn bóginn sé von til þess, að skemmdin gangi til baka með tímanum, á 6-18 mánuðum, en það fari ekki að sjást fyrr en eftir nokkra mánuði. Gangi skemmdin til baka, verði varnaraðili komin í þá aðstöðu að geta tekist á við áfengisvanda sinn, en eins og nú sé, hafi hún engar hömlur í því efni og geti ekki tekist á við áfengissýki sína.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir hefur einnig komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa hitt varnaraðila tvisvar vegna máls þessa og rætt við hana. Það, sem vekir grun um heilaskaða hjá varnaraðila, sé, að geðslag sé flatt og hún bregðist ekki nema lítillaga við áreitum, sem annars ættu að leiða til geðs-hræringar. Bendi þetta til framheilaskaða ásamt mörgu öðru, svo sem lélegri einbeitingu og lélegu minni. Próf taugasálfræðings renni stoðum undir þetta. Annars segir hann þessi einkenni einnig geta komið fram hjá alkóhólistum eftir langvarandi drykkju, enda hafi komið í ljós, þegar vitnið skoðaði varnaraðila í síðara skiptið og hún hafði ekki neytt áfengis, að ástand hennar var betra. Hann segist hafa álitnið nauðsynlegt að halda varnaraðila inni á sjúkrahúsi og farið þar eftir reynslu sinni á meðferð alkóhólísta. Vitnið segir það vera skoðun sína og reynslu, að nauðungarmeðferð geti ráðið bót á alkóhólisma með því að vinna upp viljahvöt þeirra eða „motivation“ til að takast á við sjúkdóminn. Takist það hins vegar ekki, sé til lítills unnið. Hann segist ekki hafa fundið, að varnaraðili væri haldin haldvillu, og hún hafi virst hafa innsæi í sjúkdóm sinn, þ. e. a. s., að hún hafi áttað sig á, að hún væri alkóhólisti, en hún finni ekki til þess sjálf, að hún þurfi að vera á meðferðarstofnun.

Þá hefur komið fyrir dóminn Eiríkur Línadal sálfræðingur, sem lagt hefur sálfræðiþróf fyrir varnaraðila. Hafi það verið sjö aðalþróf, sem hugsuð séu til þess að kanna, hvort sjúklingur sé með framheilaskaða. Sé þrófunum ætlað að kanna, hvort mikill munur sé á verklegri og munnlegri getu. Hafa verði hliðsjón af vissum skekkjumörkum við þessar mælingar. Venjulega komi fram munur hjá fólki upp á nokkur prósent, sem talinn sé eðlilegur. Sé fólk að jafnaði með meiri verklega getu en munnlega. Sé munurinn á hinn veginn og jafnframt umtalsverður, bendi það eindregið til framheilskaða. Hjá varnaraðila hafi þessi munur verið 35%, sem teljist mikill. Til

dæmis um þetta nefnir sálfræðingurinn, að varnaraðili hafi verið látin teikna mynd eftir fyrirmynd, og hafi frammistaða hennar við það verið 86%, sem telja megi gott. Tuttugu og fjórum mínútum seinna hafi hún verið látin teikna myndina aftur, en nú eftir minni, og hafi frammistaða hennar þá numið 22%, sem sé mjög slakur árangur. Vísbendingar hafi komið fram um það, að hún gæti hugsanlega fengið getuna til baka. Til þess bendi það einkum, að henni hafi gengið betur, þegar hún hafi fengið aukatíma til að leysa verkefni. Annars segir hann, að langvarandi áfengisdrykkja dragi úr andlegri getu á flestum sviðum. Þegar hins vegar mikill munur verður á milli einstakra sviða, geti það bent til heilaskaða.

Niðurstaða.

Dómarinn telur einsýnt af skýrslum læknanna og sálfræðingsins og öðru því, sem rakið hefur verið um drykkjuskap X, að hún sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum vegna ofdrykkju og heilaskemmda, sem jafna megi til geðsjúkdóms, og beri samkvæmt því og með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984 að fallast á beiðni sóknaraðila um, að hún verði svipt sjálfræði.

Þóknun skipaðra verjenda varnaraðila, Júlíusar Magnússonar og Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmannna, greiðist úr ríkissjóði. Ber að greiða Júlíusi 20.000 krónur og Brynjari 30.000 krónur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

X, f. 1938, er svipt sjálfræði.

Þóknun verjenda, Júlíusar Magnússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur, og Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
